

1156. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 11.01 2017, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Birgir Már Guðmundsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Varamenn sem boðaðir voru til fundar: Harpa Sævarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson og Sigmundur Halldórsson.

Gestir fundarins: Fjóla Helgadóttir, Eva Demireva, Selma Kristjánsdóttir, Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir og Unnur Guðríður Indriðadóttir starfsmenn Þróunarsviðs VR.

Áður en að dagskrá hófst samkvæmt fundarboði óskaði Ólafía Björk eftir því að fá að víxla dagskrárliðum nr. 2 og nr. 3 svo að starfsmenn Þróunarsviðs VR sem væru með kynningu á verkefnum sínum gætu vikið sem fyrst af fundi.
Samþykkt.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1155. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1155. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kynning á Þróunarsviði VR

Árni Leósson, forstöðumaður Þróunarsviðs VR, hóf kynninguna með því að fara yfir helstu verkefni sviðsins. Í máli hans kom m.a. fram að verkefni væru afar fjölbreytt og snertu málefni allra annarra sviða félagsins. Með hugtakinu „þróun“ í nafni sviðsins er vísað til aðkomu sviðsins að þróun hugmynda og útfærslu á þjónustu félagsins en að margt annað komi til. Í samantekt eru helstu verkefni þau er snúa að almannatengslum og auglýsingum, þróun þjónustu sjóða, utanumhald allra funda og kynninga, umsjón allra viðburða á vegum félagsins, vinna við kosningar í samráði við Uppstillinganefnd og Kjörstjórn, rannsóknir og greiningar þar sem könnunin um Fyrirtæki ársins og launakönnun eru fyrirferðarmest, VR vefurinn og samfélagsmiðlar, VR blaðið og öll útgáfa, umsjón með trúnaðarmönnum, kosningum þeirra og fræðslu, og loks starfsmenntamál s.s. rekstur starfsmenntasjóða, VR skóli lífsins og margt fleira.

Þó er hér ekki allt upp talið en þá komu starfsmenn sviðsins einn af öðrum og kynntu sín daglegu verkefni, hvað væri helst á döfinni og hverjar yrðu áherslur á árinu 2017. Það voru þær Fjóla Helgadóttir vefstjóri, Eva Demireva sérfræðingur í starfsmenntamálum, Selma Kristjánsdóttir sérfræðingur í starfsmenntamálum, Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir fagstjóri starfsmenntamála og Unnur Guðríður (Gurrý) Indriðadóttir fagstjóri.

Ragnar Þór mætti hér til fundar kl. 18:05

Að lokinni kynningu voru umræður og fyrirspurnir en að þeim loknum var gestum þakkað fyrir og viku þeir við svo búið af fundi.

3. Kjaramál – staðan

Ólafía Björk hóf mál sitt undir þessum dagskrárlið á því að segja frá úthlutun orlofshúsa fyrir sumarið 2017 en úthlutun hófst kl. 19 þann 5. janúar sl. Skemmst sé frá því að segja að framkvæmdin gekk snuðrulaust fyrir sig en að baki því bjó gríðarlega mikill og vandaður undirbúningur fjölda starfsmanna félagsins. Fór hún yfir framkvæmdaferlið og kom m.a. fram að mesta álagið hafi gengið yfir milli kl. 19:00 – 19:30 og síðan hafi daginn eftir verið opnað fyrir bókanir þeirra sem hefðu fengið úthlutað húsi einhver síðustu 3 sumrin. Allt gekk þetta vel og engin kvörtun komið.

Næst ræddi Ólafía Björk stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar sem nú hefur verið kynntur. Þarna séu nokkur atriði er varði okkur og sum jákvæð. Mætti þar t.d. nefna jafnlaunavottun en í sáttmálanum kemur fram að í því skyni að sporna við launamisrétti af völdum kynferðis verði áskilið að fyrirtæki með 25 starfsmenn eða fleiri taki upp árlega jafnlaunavottun. Sagði hún við hjá VR vel geta hælt okkur vegna brautryðjendastarfs okkar á þessum vettvangi og hafi hún því tengt einmitt kynnt jafnlaunavottun VR á fundi hjá stjórnarflokknum Viðreisn fyrir kosningar og að frumvarp sem nú sé í smíðum sé einmitt mikið byggt á okkar vinnu.

Þá séu þarna atriði tengd VIRK og starfsgetumati. En í sáttmálanum segi að tryggt verði að allir sem verða fyrir skerðingu á starfsgetu vegna sjúkdóma eða slysa fái tækifæri til starfsendurhæfingar þegar læknisfræðilegri meðferð og endurhæfingu er lokið með það að markmiði að auka lífsgæði og samfélagslega virkni. Tekið verði upp starfsgetumat og örorkulífeyriskerfið þannig gert sveigjanlegra til að ýta undir þátttöku á vinnumarkaði.

Varðandi lífeyrisaldurinn þá sé rætt um að hann hækki í áföngum. Aldraðir geti nýtt starfsgetu sína og reynslu með því að sveigjanleg starfslok verði meginregla og að frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega verði hækkað. Þá sé ánægjulegt að sjá að rætt sé um að samfélagið styðji ólíkar fjölskyldugerðir og hvetji til þess að foreldrar sem ekki búa saman ali upp börn sín í sátt. Réttur barna sé tryggður til að vera skráð í skiptri búsetu á tveimur lögheimilum og aðstaða umgengnisforeldra og lögheimilisforeldra jöfnuð. Varðandi fæðingarorlofið þá sé ekki kveðið eins sterkt að orði eins og við hefðum kosið t.d. er varðar lengingu orlofsins en a.m.k. er þess getið að hámarksfjárhæðir fæðingarorlofs verði hækkaðar á kjörtímabilinu.

Annað atriði sem tengist okkur er loforð um að efla skuli möguleika eldri nemenda sem ekki hafa lokið framhaldsskóla á hefðbundnum tíma til að ljúka námi og er þar samhljómur með áherslum okkar um raunfærnimat og framhaldsnám og þá vinnu sem Sólveig, starfsmaður Þróunarsviðs, var að kynna okkur um hæfnigreiningu starfa og vinnu við að meta nám til launa.

Þá er í sáttmálanum rætt um að þolendum mansals verði veitt fullnægjandi réttarvernd og stuðningur sem styður vel við þá vinnu og áherslu sem við höfum lagt í þau mál m.a. með því að ráða starfsmann til starfa í vinnueftirlit og sem við munum einnig leggja ríka áherslu á á væntanlegu nýju félagssvæði okkar eftir sameiningu við Verslunarmannafélag Suðurlands, gangi það eftir.

Í sáttmálanum er svo talað um að stöðugleiki á vinnumarkaði sé mikilvæg forsenda jafnvægis og vaxtar í efnahagslífi. Einn vinnumarkaður með jöfnun lífeyrisréttinda og annarra almennra réttinda er lykilatriði sem leiða mun til meira gagnsæis í kjaramálum. Ríkisstjórnin mun styðja aðila vinnumarkaðarins í frekari umbótum á íslenska vinnumarkaðslíkaninu að norrænni fyrirmynd sem drög hafa verið lögð að í svonefndu SALEK-samkomulagi.

Loks sé margt jákvætt um heilbrigðismál og þá kannski ekki síst loforð um það að uppbyggingu Landspítalans við Hringbraut verði hraðað eins og kostur er og byggingu meðferðarkjarna þar lokið árið 2023.

Næst ræddi Ólafía Björk um bókanir í kjarasamningum um það hvernig sporna eigi gegn kennitölulakki og skuggastjórnendum og hafa verið fundir um þau málefni í nefnd ASÍ og SA undanfarið. Minniblaði hefur verið stillt upp og komnar eru margar tillögur og almenn sátt og sameiginlegur skilningur er á þessu málefni t.d. sé komin tillaga að lagabreytingum með refsipáttum. Í þessu samhengi ræddi hún forsendur kjarasamninga sem koma nú fljótlega til endurskoðunar og má líta svo á að flest haldi þótt vissulega vanti ákvæði um húsnæðismálin í stjórnarsáttmálann en hugsast getur að ríkisstjórnin líti svo á að það mál sé afgreitt.

Umræður.

4. Sameining VR og VMS

Ólafía Björk lagði fram skjalið „*Samningur um sameiningu VR og Verslunarmannafélags Suðurlands*“ dags. 30. desember 2016. En hún hafði undirritað samninginn með fyrirvara um samþykki stjórnar VR. Samningurinn er á sömu nótum og sambærilegur samningur sem gerður var við sameiningu VR við Verslunarmannafélag Austurlands. Hún fór á Selfoss til þess að undirrita samninginn og hitti þá stjórnarmenn VMS og svaraði ýmsum fyrirspurnum þeirra og vangaveltum um málið. Þau munu halda rafræna atkvæðagreiðslu um samninginn meðal sinna félagsmanna sem hefst um miðja næstu viku og stendur í 7 daga.

Þá bar Ólafía Björk samninginn, eins og hann var undirritaður og hefur nú verið kynntur, upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

5. Styrkumsókn – verkefnið „Catch the Ball“

Ólafía Björk lagði fram skjalið „*Styrkbeiðni til VR*“, dags. 14. desember 2016,



frá Evris foundation vegna verkefnisins Catch the BALL sem er framhaldsverkefni af evrópska verkefninu „Be Active through Life Long Learning“ sem lauk með ráðstefnu í Reykjavík í september sl. Sótt er um styrk að upphæð 750 þús. kr. Markmiðið er að skapa „Menntastofu einstaklingsþroska“ og að ræða „Vöruhús tækifæranna“ sem eins konar vefgátt. Um er að ræða undirbúning fólks fyrir þriðja æviskeiðið sem hefst eftir fimmtugt og sköpun verkfæra fyrir þá aðila sem koma að þjálfun og ráðgjöf fyrir fólk á þriðja æviskeiði. Þetta var kynnt á síðasta stjórnarfundum í desember.

Umræður.

Í umræðum lagði Harpa fram tillögu um að VR myndi styrkja verkefnið um kr. 500.þús.

Ólafía Björk óskaði nú eftir að fá fundi framlengt til kl. 20:40 – Samþykkt.

Að loknum umræðum bar Ólafía Björk tillögu Hörpu um 500 þús. kr. styrk til verkefnisins upp til atkvæða.

Samþykkt með 10 atkvæðum gegn 3.

Ragnar Þór óskar eftir að það sé bókað að hann greiddi atkvæði á móti.

Fundi var slitið kl. 20:25
Árni Leósson, fundarritari